



Aðalfundur Ungmennafélagsins Sindra, haldinn í Heklu, Hafnarbraut 15, þriðjudag 15. mars. 2023 kl. 17:00.

Gísli Már Vilhjálmsson formaður Umf. Sindra setti fundinn og bauð gesti velkomna. Gísli Már gerði það að tillögu að Sigurður Óskar Jónsson stjórnarmaður USÚ yrði fundarstjóri og Sandra Sigmundsdóttir yrði ritari. Samþykkt. Gísli Már bauð Sigurði Óskari að taka við. Um 30 manns voru mættir á fundinn.

Allar ársskýrslur og ársreikningar eru aðgengilegar á heimasíðunni www.umfsindri.is

Badmintondeildin

Sigurbjörg Jóna formaður fer yfir ársskýrsluna og ársreikningana. Deildin var stofnuð 2021. Engar athugasemdir og reikningar samþykktir.

Blakdeildin

Jóhanna Björg formaður fer yfir ársskýrsluna og ársreikninga með aðstoð Margrétar framkvæmdastjóra. Fjölgun í mfl. kvk. en yngri flokkar og mfl. kk að dala. Gerð var athugasemd við liðurinn “Endurgreidd þátttökugjöld og milli deilda.” Framkvæmdastjóri ætlar að athuga þennan lið betur. Reikningar samþykktir.

Frjálssípróttadeildin

Berglind formaður fer yfir ársskýrsluna og ársreikningana. Helga Árnadóttir kom inn í stjórn, vegna hlaupahóps Hornafjarðar. Sindraleikar á Humarhátíð og Hlaupið fyrir Horn stærstu viðburðirnir ársins Engar athugasemdir og reikningar samþykktir.

Fimleikadeildin

Árdís Erna fer yfir ársskýrsluna í fjarveru Ingibjargar formanns. Fjóla fer yfir ársreikningana. Erfiðleikar að finna yfirþjálfara en eru með góða þjálfara sem halda starfinu gangandi. Aðstöðuleysi er annað vandamál sem deildin glímir við. Deildin biður um fleiri í stjórnina. Engar athugasemdir og reikningar samþykktir.

Rafípróttadeildin

Hafsteinn var formaður og sagði sig frá störfum og Róbert Marwin tekinn við. Hann er vant við látinn og Margrét fer yfir ársskýrsluna og ársreikningana. Engar athugasemdir og reikningar samþykktir.

Sunddeildin

Erla Berglind formaður fer yfir ársskýrsluna og ársreikningana. Engar athugasemdir og reikningar samþykktir.

Knattspyrnudeildin yngri flokkar

Ingólfur formaður fer yfir ársskýrsluna. Eva Birgisdóttir fer yfir ársreikningana. Reikningar samþykktir.

Knattspyrnudeildin meistaraflokkar

Arna Ósk formaður fer yfir ársskýrsluna. Margrét fer yfir ársreikningana. Hjá yngri flokkum er skráð í liðinn “Óuppgerð skuld við MFL,” 3.493.831 kr en hjá MFL kemur í liðnum “Óráðstafað eigið fé í upphafi árs,” samtals 3.378.601 kr. Send verður athugasemd til bóckara sem gerði ársreikningana um hvað standi á bak við liðinn “Óráðstafað eigið fé í upphafi árs” og af hverju sú upphæð stemmi ekki við upphæðina í ársreikningum yngri flokka. Beðið var um að flokkurinn “laun og launatengd gjöld” sé betur flokkaður niður fyrir næsta ársreikning. Reikningar samþykktir með þorra atkvæða, 4 atkvæði á móti, með fyrirvara.

Körfuknattleiksdeild yngri flokka

Jóhanna Íris formaður fer yfir ársskýrsluna. Yngri flokkar og meistaraflokkur aðskildir á árinu 2022. Deildin er að skila inn umsókn um fyrirmyndarfélag hjá ÍSÍ. Janine fer yfir ársreikninga. Engar athugasemdir og reikningar samþykktir.

Hér er formleg dagskrá brotin upp til þess að veita viðurkenningar.

Heiðranir og Viðurkenninga

Viðurkenningar fyrir fyrsta landsleik
Birgir Leó Halldórsson, körfubolti U-16.
(Ekki á staðnum)

Guðmundur Reynir Friðriksson, knattspyrna U-16.
Faðir hans tekur á móti viðurkenningunni.
Kristín Magdalena Barboza, knattspyrna U-15.

Körfuknattleiksdeild meistaraflokkur

Elías formaður fer yfir ársskýrsluna. Janine fer yfir ársreikninga. Engar athugasemdir og reikningar samþykktir með fyrirvara.

Aðalstjórn

Gísli formaður fer yfir ársskýrsluna. Aðalstjórn krefst fjárhagsáætlunar frá öllum deildum til að hafa betri yfirsýn yfir stöðu deildanna. Margrét framkvæmdastjóri fer yfir ársreikningana. Fyrirspurnir bárust um:
- “Eldri kröfur vegna hita og rafmagns” 1.210.899 kr. 2021. Margrét útskýrir að þessa upphæð vantar inn 2022 þar sem hún var greidd í janúar 2023.
- Leiguskulda deilda til aðalstjórnar kemur inn í liðinn “Kröfur til deilda.”
Reikningar samþykktir með fyrirvara.

Reikningar flestra deilda eru ekki bókhaldslega réttir þar sem útistandandi kröfur um æfingagjöld yfir áramót voru ekki gerðar sem skammtímakröfur.

Sett var fram ósk um að stærstu deildirnar sundur liði flokkinn “laun og launatengdum gjöldum.”

Einhverjar deildir gerðu afskriftir á tækjum og búnaði milli ára og gerð var athugasemd af hverju ekki allar deildir gerður það. Þetta mun verða lagfært fyrir næsta ársfund.

Skoðunarmaður reikninga, Björk Pálsdóttir, á eftir að samþykkja reikningana aðalstjórnar, meistaraflokks í knattspyrnu og meistaraflokks í körfubolta.

Lagabreytingar

Ný tillaga lögð fram.

9. Grein - Aðalstjórnar

Breytingar gerðar á:

Punktur 2

Punktur 3

Punktur 4

Punktur 5

Næst síðasti punktur

Síðasti punktur

Ný tillaga er svo hljóðandi:

- Aðalstjórn Sindra fer með æðsta vald í málefnum félagsins og deilda þess milli aðalfunda.
- Aðalstjórn skal kosin á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður, ritari og gjaldkeri skulu kosnir sérstaklega. Þá koma að auki sjálfkrafa inn í stjórn formenn þeirra deilda sem starfandi eru á vegum félagsins hverju sinni. Úr þeirra röðum skal aðalstjórn kjósa sér varaformann.
- Á milli aðalstjórnarfunda skipa formaður, ritari og gjaldkeri svokallað framkvæmdaráð. Hlutverk framkvæmdaráðs er að fylgja eftir samþykktum aðalstjórnar og afgreiða mál á milli stjórnarfunda. Framkvæmdastjórn skal einnig afgreiða mál sem tengjast persónulegum og/eða fjárhagslegum hagsmunum annarra aðalstjórnarmanna innan félagsins eða deilda þess.
- Aðalstjórn er fulltrúi félagsins út á við. Hún er forsvari þess gagnvart USÚ, Sveitarfélaginu Hornafirði, öðrum opinberum yfirvöldum og aðalstjórn annarra íþróttafélaga.
- Verkefni aðalstjórnar eru að auki skipting styrkja Sveitarfélagsins Hornafjarðar og lottógreiðslna auk yfirumsjónar félagatals Sindra.
- Aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum félagsins og deilda þess. Aðalstjórn fer með yfirstjórn allra peningamála félagsins og getur ef þörf virðist á, tekið fram fyrir hendurnar á einstaka deildum félagsins hvað öll mál varðar.
- Lántökur deilda eru óheimilar nema með samþykki aðalstjórnar.
- Leggja skal fjárhagsskuldbindingar deilda fyrir aðalstjórn til samþykktar.
- Aðalstjórn annast rekstur eigna Sindra s.s. bifreiðar.
- Kaup, sala og veðsetning eigna félagsins er bundin samþykki aðalstjórnar.
- Aðalstjórn ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur félagsins.

- Framkvæmdastjóri hefur, í umboði aðalstjórnar, umsjón með sameiginlegum rekstri félagsins og þjónustu við deildarstjórnir. Aðalstjórn getur falið framkvæmdastjóra frekari verkefni. Aðalstjórn setur framkvæmdastjóra starfsreglur.
- Fyrsta fund aðalstjórnar skal boða innan tveggja vikna frá aðalfundi. Fundir aðalstjórnar skulu haldnir mánaðarlega frá ágústlokum til maíloka og skulu venjubundnir aðalstjórnarfundir tímasettir fyrir allt árið á fyrsta fundi eftir aðalfund. Ritaðar skulu fundargerðir.
- Formaður boðar til stjórnarfunda og stjórnar þeim. Fundur aðalstjórnar telst löglegur ef til hans hefur verið boðað með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara og meirihluti stjórnarmanna er mættur.

Kosning um lagabreytingu samþykkt samhljóða.

Aðrar tillögur að lagabreytingum

Engar aðrar breytingar bárust.

Jóhanna Íris kemur upp í pontu sem formaður USÚ og hvetur allar deildir og ungmennafélagið í heild sinni að vinna sig í átt að því að verða fyrirmyndarfélag innan ÍSÍ.

Kosningar stjórna

Badminton 3 í stjórn

Sigurborg Jóna Björnsdóttir formaður.

Hafrún Eiríksdóttir gjaldkeri.

Hjörvar Ingi Björnsson ritari.

Allir gefa kost á sér áfram og það er samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Blak 3-5 í stjórn

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir formaður.

Lilja Rós Aðalsteinsdóttir gjaldkeri lætur af störfum.

Hanna Björg Sævarsdóttir ritari lætur af störfum.

Jóhanna gefur kost á sér áfram.

Elsa Gerður Hauksdóttir gefur kost á sér.

Samþykkt sem og að finna fleiri í samstarfi við aðalstjórn.

Fimleikadeild 3-5 í stjórn

Ingibjörg Guðmundsdóttir formaður lætur af störfum.

Fjóra Hrafnkelsdóttir gjaldkeri.

Árdís Erna Halldórsdóttir ritari lætur af störfum.

Fjóra gefur kost á sér áfram.

Enginn annar gefur kost á sér.

Samþykkt sem og að finna fleiri í samstarfi við aðalstjórn.

Friðlsar 3-5 í stjórn

Berglind Steinþórsdóttir formaður lætur af störfum.

Ingólfur Hólmur Baldvinsson gjaldkeri.

Helga Árnadóttir ritari.

Einar Sigurjónsson meðstjórnandi.

Berglind lætur af störfum.

Enginn annar gefur kost á sér.

Samþykkt sem og að finna fleiri í samstarfi við aðalstjórn.

Sund 3 í stjórn

Erla Berglind Antonsdóttir formaður lætur af störfum.

Jónína Björk Guðjónsdóttir gjaldkeri lætur af störfum.

Erla Berglind heldur áfram þar til hún finnur fleiri með sér.

Enginn annar gefur kost á sér.

Samþykkt að finna fleiri í samstarfi við aðalstjórn.

Rafíþróttir 3-5 í stjórn

Hafsteinn Ísaksen Hansson formaður lætur af störfum.

Ottó Marvín Gunnarsson gjaldkeri.

Dagbjört Magnúsdóttir ritari.

Róbert Marvín Gunnarsson meðstjórnandi.

Róbert gefur kost á sér til formanns.

Ingibjörg Guðmundsdóttir gefur kost á sér.

Ragnhildur Lind Borgarsdóttir gefa kost á sér.

Samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Knattspyrnudeild MFL 5-7 í stjórn.

Arna Ósk Harðardóttir formaður.

Trausti Magnússon gjaldkeri lætur af störfum.

Sandra Sigmundsdóttir ritari og formaður meistaraflokksráðs kvenna lætur af störfum.

Ernesto Barboza meðstjórnandi.

Guðrún Sigfinnsdóttir meðstjórnandi lætur af störfum.

Arna Ósk gefur kost á sér áfram.

Ernesto gefur kost á sér áfram með fyrirvara um fund með formanni aðalstjórnar.

Steindór Sigurjónsson gefur kost á sér.

Lars Jóhann Andrússon Imsland gefa kost á sér.

Samþykkt sem og að finna fleiri í samstarfi við aðalstjórn.

Knattspyrnudeild yngri flokka 3-5 í stjórn

Ingólfur Reynisson formaður.
Eva Birgisdóttir gjaldkeri.
Bergþóra Ólafía Ágústsdóttir ritari.
Guðrún Ása Jóhannsdóttir meðstjórnandi.

Janus Gilbert Stephensson gefur kost á sér.
Samþykkt, stjórn full mönnuð.

Körfuknattleiksdeild MFL 5-7 í stjórn.

Elías Tjörvi Halldórsson formaður.
Þorgrímur Tjörvi Halldórsson ritari.
Jón Guðni Sigursson gjaldkeri lætur af störfum.
Björgvin Hlíðar Erlendsson meðstjórnandi.
Skúli Ingibergur Þórarinsson meðstjórnandi.
Jakob Guðlaugsson meðstjórnandi.

Janine Arens gefur kost á sér til gjaldkera.
Samþykkt, stjórn full mönnuð.

Körfuknattleiksdeild yngri flokka 3-5 í stjórn.

Jóhanna Íris Ingólfisdóttir formaður.
Janine Arens gjaldkeri.
Sigrún Ólöf Björgvinsdóttir ritari.
Finnur Smári Torfason meðstjórnandi.
Guðrún Erla Sumarrós Víðisdóttir meðstjórnandi lætur af störfum.
Hjálmar Jens Sigurðsson meðstjórnandi lætur af störfum.

Enginn gefur kost á sér.
Samþykkt sem og að finna fleiri í samstarfi við aðalstjórn.

Aðalstjórn 3 í stjórn

Gísli Már Vilhjálmsson formaður.
Gunnar Örn Reynisson gjaldkeri lætur af störfum.
Guðbjörg Guðlaugsdóttir ritari.

Hjalti Þór Vignisson gefur kost á sér.
Samþykkt, stjórn fullmönnuð.

Kosningar Skoðunarmanns reikninga

Björk Pálsdóttir gefur kost á sér áfram með formerkjum.
Hún er tilbúin að vera áfram ef við erum tilbúin að gera alvöru bókhald.
Samþykkt með fyrirvara.

Önnur mál

Formaður aðalstjórnar biður formenn deildanna um að ræða við sínar stjórnir og sín á milli, hvort deildirnar ættu að sameina sig um að fá einn menntaðan bókhaldara sem heldur utan um fjármál allra deilda.

Samþykkt að þetta verði tekið fyrir á næsta formannafundi.

Heiðranir og Viðurkenningar

Heiðranir sjálfbóðaliða

Silfurmerki Sindra.

Arna Ósk Harðardóttir – Knattspyrna, sjálfbóðaliða- og stjórnarstörf (Ekki viðstödd, Janus Stephenson tók við fyrir hennar hönd).

Ingibjörg Guðmundsdóttir – Fimleikar, sjálfbóðaliða- og stjórnarstörf (Árdís Erna tekur við fyrir hennar hönd).

Hjálmar Jens Sigurðsson - Körfubolti, sjálfbóðaliða- og stjórnarstörf.

Gísli Már þakkar Sigurði Óskari fyrir fundarstjórn og slítur fundi kl. 19:50.

Fundargerð rituð í tölvu af Söndru Sigmundsdóttur.